

Fundargerð samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundur samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn þann 6. apríl 2018. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 30 í Reykjavík og hófst kl. 13:00.

Fulltrúar BSRB á fundinum voru: Arna Jakobína Björnsdóttir, Ásbjörn Sigurðsson og Karl Rúnar Þórsson.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru: Inga Rún Ólafsdóttir, Benedikt Þór Valsson og Berglind Eva Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Fundargerðir 4, 5 og 6

Farið yfir fundargerðir og þær samþykktar.

2. Útreikningur á vetrarleyfi

Málið rætt og erindinu frestað til næsta fundar.

3. Starfsmaður á dreifðri vinnuskyldu í grunnskólum - útreikningur veikinda á sumarorlofstíma

Við ráðningu starfsmanns á dreifða vinnuskyldu í grunnskólum (launadreifingu) þarf að skilgreina eftirarandi:

- Starfshlutfall starfsmanns á starfstíma, t.d. 100% í 9,5 mánuði á ári.
- Tími orlofs ákveðinn í samræmi við orlofsrétt starfsmanns, t.d. 30 dagar á tímabilinu 15. júní til 15. ágúst.
- Tímabil sem starfsmaður er ekki við vinnu á sumartíma þar sem hann hefur áður unnið tímann af sér.
- Launahlutfall er ákveðið með hliðsjón af framangreindu þ.e. jafnaðarlaun sem starfsmaður fær greitt allt árið.

Veikist starfsmaður á dreifðri vinnuskyldu (launadreifingu) á fyrirfram ákveðnum orlofstíma gilda ákvæði gr. 4.6.1 um veikindi í orlofi. Hins vegar gildir þetta ákvæði ekki ef veikindin koma til á tímabili sem skilgreint er skv. c) - lið.

4. Bakvakt á dagvinnutíma

Erindi barst samráðsnefnd frá Kili þar sem óskað er eftir leiðréttingu á því hvenær greiðsla fyrir bakvaktarálag á dagvinnutímabili.

Niðurstaða:

Eldri kjarasamningar skoðaðir og aðilar skoða málið áfram.

5. Mat á háskólaprófi umfram grunnkröfur í starfi, 10. kafli kjarasamninga

Aðilar sammála um að skipuleggja vinnufund með haustinu um endurskoðun ákvæðis um viðbótarmenntun í 10 kafla fyrir næstu kjarasamninga.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:15.